

MINNISBLAÐ

Fyrirspurnir og svör

Hér eru lagðar fram þær fyrirspurnir sem þegar hafa borist vegna forvals að samkeppni um listaverk við nýjan Landspítala. Skilafrestur fyrirspurna er 2. júní og berist fleiri fyrirspurnir verður þeim svarað eins fljótt og auðið er.

Áríðandi tilkynning til þeirra sem hyggjast sækja um (sjá einnig fyrirspurn 2,6):

Þó lesa megi úr auglýsingu vegna forvalsins að umsækjendur skuli skila inn lauslegri tillögu að listaverki þá er það ekki skilyrt sem hluti af umsókn.

Verkkaupi minnir á að skilafrestur umsókna um þátttöku er 9. júní 2023 kl. 16:00.

Fyrirspurn nr. 1

- 1) er hægt að fá teikningar af nýjustu hönnun á torginu, pdf, audocat eða 3-D model?

Svar: Hönnun Sóleyjartorgs er enn í vinnslu og gert er ráð fyrir að með samkeppnisgögnum fái keppendur afhent gögn á vinnsluhæfu formi. Hafi keppendur áhuga á að fá pdf-teikningu á vinnslustigi má senda ósk þess efnis á netfangið trunadur@nlsh.is

- 2) er hægt að breyta tröppum?

Svar: Já en þær verða að uppfylla kröfur byggingareglugerðar og um aðgengi fyrir alla.

- 3) er drop-off í nýjustu útfærslunni af torginu, við inngang?

Svar: Já, gera þarf ráð fyrir sleppistæðum á Sóleyjartorgi í tengslum við aðalinngang meðferðarkjarna og bráðamóttöku.

- 4) er kominn áætlaður framkvæmdakostnaður fyrir listaverk?

Svar: Nei, en gert er ráð fyrir að á samkeppnistigi leggi listamenn fram kostnaðaráætlun við listaverkið.

- 5) er hægt að fá fleiri renderingar af svæðinu?

Svar: Hönnun Sóleyjartorgs er enn í vinnslu og gert er ráð fyrir að með samkeppnisgögnum fái keppendur afhent gögn á vinnsluhæfu formi. Hafi keppendur áhuga á að fá pdf-teikningu á vinnslustigi má senda ósk þess efnis á netfangið trunadur@nlsh.is

Fyrirspurn nr. 2

1. væri hægt að fra fleiri myndir og teikningar af torginu, andyri byggingarinnar og þeim útveggjum við torgið sem koma til greina fyrir listaverk?

Svar: Hönnun Sóleyjartorgs er enn í vinnslu og gert er ráð fyrir að með samkeppnisgögnum fái keppendur afhent gögn á vinnsluhæfu formi. Hafi keppendur áhuga á að fá pdf-teikningu á vinnlustigi má senda ósk þess efnis á netfangið trunadur@nlsh.is

2. væri hægt að fá upplýsingar um efni, liti og áferðir sem verða notuð á þeim svæðum sem listaverk gætu staðið?

Svar: Hönnun Sóleyjartorgs er enn í vinnslu og því hefur endanlegt yfirborð og efnistöð þess ekki verið ákveðin. Útveggir meðferðarkjarna eru kerfisveggir með ljósu steinyfirbragði á neðri hæðum. Sjá mynd 1.



Mynd 1 - Prufuveggur meðferðarkjarna - vinstra megin er sá hluti sem verður á efri hæðum - hægra megin sá hluti sem verður á neðri hæðum

3. eru einhver svæði á torginu þar sem ekki væri hægt að setja niður verk?

Svar: Úr samkeppnislýsingu sem er í vinnslu:

Þeir þættir sem eru fastir og ekki er hægt að breyta eru þessir:

- *Aðkoma að bílakjallara um Sóleyjartorg, rampur og vegur hafa verið staðsettir m.v. fyrirkomulag í bílakjallara og hefur uppsteypa bílakjallara þegar verið boðin út. Staðsetningu aðkomu og rampa verður því ekki breytt.*
- *Staðsetning, löggun og stærð anddyrisbyggingar hefur verið fest í deiliskipulagi sem og á teikningum hönnuða bæði meðferðarkjarna og bílakjallara. Anddyrisbyggingu verður því ekki breytt en anddyrisbyggingin sjálf er hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.*
- *Leiksvæði skal vera á efra torgi samkvæmt deiliskipulagi.*
- *Gera skal ráð fyrir þrepum og römpum milli efra og neðra torgs til að tryggja gott aðgengi allra.*
- *Gera þarf ráð fyrir skammtíma- og sleppistæðum. Þá þarf einnig að tryggja aðkomuleiðir neyðarbíla svo sem slökkviliðs.*
- *Lyftu- og stigahús á suðurhluta Sóleyjartorgs.*
- *Stigahús í norð- austur horni Sóleyjartorgs.*

4. ef verk geta einnig verið innandyra í þessari samkeppni, þá hvar?

Svar: Já, innandyra í bílakjallara undir Sóleyjartorgi en ekki er gert ráð fyrir í þessari samkeppni að listaverk sé innandyra í meðferðarkjarna.

5. er ákveðin upphæð í sigtinu fyrir heildarkostnað verksins (framleiðslu, laun til listamanns osfrv)?

Svar: Nei, en gert er ráð fyrir að á samkeppnistigi leggi listamenn fram kostnaðaráætlun við listaverkið.

6. fyrir umsokn að forvali 9. júní, hversu mikilvægt er að tillagan sé fastmótuð?

Svar: Þó lesa megji úr auglýsingu vegna forvalsins að umsækjendur skuli skila inn lauslegri tillögu að listaverki þá er það ekki skilyrt. Umsækjendum er þannig heimilt að senda inn lauslega tillögu að fyrirhuguðu listaverki/-um og því þarf tillagan ekki að vera fastmótuð.

7. fyrir umsókn að forvali 9. júní, væri í lagi að koma með nokkrar tillögur að mismunandi verkum og útfærslum?

Svar: Já.

8. fyrir umsókn að forvali 9. júní, kemur til greina að leggja fram tillögu að staðsetningu, aðferð og þema, en ekki fast form? væri hægt að leggja til verk sem yrði mótað í samvinnu við teymi arkitekta og hönnuða byggingarinnar og svæðisins og með hliðsljón af upplýsingum sem ekki liggja fyrir í þessari fyrstu umferð tillögugerðarinnar?

Svar: Já, gert er ráð fyrir samvinnu listamanns og hönnuða í framhaldi af samkeppni.

Fyrirspurn nr. 3

Er súlan sem við höfum gert hring utan um hluti af torginu? Ef svo er hún með einhverja fúnksjón? Eða er þetta staðgengill fyrir listaverk?



Svar: Nei, þessi súla er fastmótuð hönnun og þarf ekki að gera ráð fyrir að hún verði þarna.

Fyrirspurn nr. 4

Hvernig á að skila inn tilkynningu um þátttöku, þ.e. á þetta td að vera í einu pdf skjali með ferilsskrá og myndum etc eða sem tölvupóstur með viðhengjum? Eða ráða menn og konur því?

Svar: Umsækjendur geta ráðið með hvaða hætti þeir skila inn gögnum á tölvutæku formi á netfangið trunadur@nlsh.is

Fyrirspurn nr. 5

Er á þessu stigi hægt að fá grunnmynd af Sóleyjartorginu?

Svar: Hönnun Sóleyjartorgs er enn í vinnslu og gert er ráð fyrir að með samkeppnisgögnum fái keppendur afhent gögn á vinnsluhæfu formi. Hafi keppendur áhuga á að fá pdf-teikningu á vinnslustigi má senda ósk þess efnis á netfangið trunadur@nlsh.is

Ég er annars vegar að leita eftir upplýsingum um hæðarmun milli efra og neðra torgs og hins vegar hvernig skipulagið er á neðra torginu varðandi akstursleiðir bíla og sleppistæði.

Svar: Kóti efra torgs er K 19,90 og kóti neðra torgs er K 15,40.

Hönnun Sóleyjartorgs er enn í vinnslu og gert er ráð fyrir að með samkeppnisgögnum fái keppendur afhent gögn á vinnsluhæfu formi. Hafi keppendur áhuga á að fá pdf-teikningu á vinnslustigi má senda ósk þess efnis á netfangið trunadur@nlsh.is

Á mynd 4 í minnisblaði sést hringur með svartri miðju, er þetta hringtorg? Þ.e. hluti af akstursleið.

Svar: Hönnun Sóleyjartorgs er enn í vinnslu og þær myndir sem lagðar eru fram í tengslum við samkeppnina eru á vinnslustigi. Gert er ráð fyrir samvinnu milli listamanns og hönnuða um útfærslu að lokinni samkeppni.

Fyrirspurn nr. 6

Það væri gaman að vita hvaðan heitið, Sóleyjartorg, kemur frá. Okkur langar að vinna með heitið, er þetta vísun í ákveðinn einstakling?

Svar: Nafnið Sóleyjartorg kom fyrst fram í vinnustillingu SPITAL hönnunarhópsins sem vann hönnunar- og skipulagssamkeppnina 2010 og tengis nafnið mögulega nálægri Sóleyjargötu. Nafnið hefur ekki verið formlega staðfest en verkkaupi reiknar með að það muni halda sessi.